



Fundur bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar

Fimmtudaginn 9. janúar 2025 kom bygginga-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps saman til 3. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ólafur Ingimundarson og Jón H. Elíasson, Grettir Örn Ásmundsson og Hlynur T. Torfason.

Ólafur Ingimundarson, formaður setti fund kl. 13:00.
Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 3. fundar:

1. Fundargerð bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar 13. september 2023.
2. Breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030
3. Framkvæmdir við Sandnes
4. Erindi til nefndarinnar
5. Fyrirspurn varðandi uppsetningu sólarorkuvers
6. Selárvirkjun í Kaldrananeshreppi
7. Svansvirkjun í Kaldrananeshreppi
8. Umsókn um stöðuleyfi
9. Byggingaframkvæmdir við Hvamm í Bjarnarfirði
10. Umsókn um byggingarleyfi á Hrafnnesi
11. Framkvæmdir við Svanshóll
12. Birkilundur
13. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar 13. september 2023.

Formaður gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030

Fyrir liggja breytingartillögur í landi Skarðs og á Drangnesi.

Breytingartillögur lagðar fram til samþykktar að lokinni kynningu vinnslutillagna, sbr.

2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingartillögurnar og þær verði að því loknu sendar til athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010.

Skipulagsfulltrúa falið að senda tillögurnar til Skipulagsstofnunar.

Borið upp og samþykkt.

3. Framkvæmdir við Sandnes

Fyrirliggjandi teikningar lagðar fram.

Byggingarfulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

4. Erindi til nefndarinnar

Erindi barst til nefndarinnar þar sem vakið er athygli á númerslausum bílum víðsvegar um þorpið sem þyrfti að farga. Að auki er beðið um að hnippa í hús- og fyrirtækjaeigendur í hreppnum að taka til hendinni á sínum lóðum.

Erindi lagt fram til kynningar.

Skrifstofustjóri hefur brugðist við og hefur sett inn erindi á Facebook síðu Drangsnes og nágrenni.

Borið upp og samþykkt.

5. Fyrirspurn varðandi uppsetningu sólarorkuvers

Fyrirspurn barst varðandi uppsetningu sólarorkuvers á Bjarnarnesi með allt að 2,4 MW afl og hvort hún kalli á aðalskipulagsbreytingu.

Sólarsellurnar, sem snúa til suðurs, eru festar í langar raðir sem eru 1,4 metrar á breidd.

Til að hindra að þær skyggi hver á aðra, eru 10 metrar á milli raðanna.

Bilin milli raða af sólarsellum, valda því að nýting lands er upb. 14%.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru virkjanir yfir 199 kW skilgreindar í aðalskipulagi svo orkuver af allt að 2,4 MW afli kallar á aðalskipulagsbreytingu.

Framkvæmdaraðilar þurfa að fá þarf úr því skorið með fyrirspurn til Skipulagsstofnunar hvort slík framkvæmd falli undir ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Skipulagsfulltrúa falið að svara erindi í samræmi við ofangreint.

Borið upp og samþykkt.

6. Seljárvirkjun í Kaldrananeshreppi

Afl og Orka ehf. hyggst virkja vatnsafl í Seljará í Steingrímsfirði með vatnsmiðlun uppi á heiðinni í nafnlausri tjörn. Undirbúningur virkjunarinnar er á frumstigi en áætlað er að nýta árin 2024 til 2026 vel til þess að rannsaka svæðið og ákvarða hvernig virkjun verður best fyrir komið. Samkvæmt erindi er gert ráð fyrir virkjun með 2 til 3 MW uppsett afl.

Óskar Afl og Orka ehf. því eftir leiðsögn varðandi skipulagsvinnuna vegna virkjunarinnar og hvernig henni verður best háttað.

Erindi lagt fram til kynningar.

Nefndin vekur athygli á að vatnsorkuver með uppsett rafafl 200 kW eða meira er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um umhverfismatskyldu, sbr. lið 3.15 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tilkynning framkvæmdar og matskylduákvörðun er best að vinna áður eða samhliða gerð skipulagstillagna, þ.e. aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags, svo gögn og upplýsingar um virkjunarframkvæmd og áhrif hennar nýtist í gerð skipulagstillagna. Skipulagsfulltrúa falið að veita Afl og Orku ehf. leiðsögn varðandi skipulagsvinnu

Seljaárvirkjunar.
Borið upp og samþykkt.

7. Svansvirkjun í Kaldrananeshreppi

Finnur Ólafsson og Ólafur Ingimundarson víkja af fundi undir þessum lið og Grettir Örn Ásmundsson tekur við fundarritun.

Afl og Orka ehf. hyggst virkja vatnsafl í Þverá í Bjarnarfirði með vatnsmiðlun í Neðra Þverárvatni. Undirbúningur virkjunarinnar er á frumstigi en áætlað er að nýta árin 2024 og 2025 vel til þess að rannsaka svæðið og ákvarða hvernig virkjun verður best fyrir komið. Samkvæmt erindi er gert ráð fyrir virkjun með 2 til 3 MW uppsett afl.

Óskar Afl og Orka ehf. því eftir upplýsingum um á hvaða stigi máls er óskað eftir leyfi heilbrigðiseftirlitsins, hvað afgreiðslutíminn er langur og hvað leyfið kostar.

Erindi lagt fram til kynningar.

Nefndin vekur athygli á að vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um umhverfismatskyldu, sbr. lið 3.15 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Tilkynning framkvæmdar og matskylduákvörðun er best að vinna áður eða samhliða gerð skipulagstillagna, þ.e. aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags, svo gögn og upplýsingar um virkjunarframkvæmd og áhrif hennar nýtist í gerð skipulagstillagna. Skipulagsfulltrúa falið að veita Afl og Orku ehf. leiðsögn varðandi skipulagsvinnu Þverárvirkjunar í Bjarnarfirði.
Borið upp og samþykkt.

Finnur Ólafsson og Ólafur Ingimundarson snúa aftur á fund og Finnur tekur við ritun fundargerðar á ný.

8. Umsókn um stöðuleyfi

Umsókn barst um stöðuleyfi fyrir tvo gáma í landi Bakkagerðis í Kaldrananeshreppi.

Umsókn lögð fram til kynningar. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
Byggingarfulltrúa falið að afgreiða umsóknina.
Borið upp og samþykkt.

9. Byggingaframkvæmdir við Hvamm í Bjarnarfirði

Fyrirliggjandi teikningar lagðar fram á íbúðarhúsi.
Byggingarfulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

10. Umsókn um byggingarleyfi á Hrafnanesi

Umsókn barst um byggingarleyfi fyrir frístundahús á Hrafnanesi.

Umsókn og teikningar lagðar fram, yfirfarnar og staðfest að þær séu fullnægjandi.

Byggingarfulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

11. Byggingaframkvæmdir við Svanshól.

Finnur Ólafsson og Ólafur Ingimundarson víkja af fundi undir þessum lið og Grettir Örn Ásmundsson tekur við fundarritun.

Til stendur að byggja nýtt sumarhús við Svanshól.

Fyrirliggjandi teikningar lagðar fram og samræmast þær deiliskipulagi fyrir frístundahús og ferðaþjónustu í landi Svanshóls, fallið er frá grenndarkynningu þar sem umsóknin varðar ekki aðra en sveitarfélagið og umsækjendur.

Byggingarfulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

12. Birkilundur

Máli frestað

13. Óveruleg deiliskipulagsbreyting í landi Hvamms í Bjarnarfirði

Með erindi frá 18. des. 2024 er óskað eftir að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi, sem fellur í sér breytingu á lóðamörkum.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna. Fallið er frá grenndarkynningu þar sem umsóknin varðar ekki aðra en sveitarfélagið og umsækjendur.

Skipulagsfulltrúa falið að afgreiða tillöguna og senda til Skipulagsstofnunar.
Borið upp og samþykkt.

14. Önnur mál.

- a) Vegna erinda til nefndarinnar vegna um áform um ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum. Tekur nefndin tilefni til að endurskoða heimildir til umfang ferðaþjónustu í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps.
Skipulagsfulltrúa falið að gera tillögu og senda til sveitarstjórnar til meðferðar.
Borið upp og samþykkt.

Engin önnur mál liggja fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 14:45